


*Alþingi
Erindi nr. P 136/20
komudagur 27.10.2008*



Alþýðusamband Íslands

Ályktun um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika

Alþýðusamband Íslands hefur þungar áhyggjur af stöðu efnahagsmála og hag heimilanna í landinu. Samtökin telja bæði mikilvægt og óhjákvæmilegt að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða til að endurheimta fjármálastöðugleika og koma þannig í veg fyrir hrun atvinnulífsins og efnahagskerfisins. Á sama tíma er mikilvægt að verja kjör launafólks og stöðu heimilanna í landinu. Kjarasamningarnir frá síðasta vetri og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gegna þar mikilvægu hlutverki.

Samtökin telja að eftirfarandi atriði geti bæði stuðlað að því að skapa aukna samstöðu meðal þjóðarinnar og aukið trúverðugleika bæði innanlands og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og lagt þannig grunn að efnahagslegum stöðugleika og endurreisn á næstu misserum og árum.

Fjármálastöðugleiki

Brýnasta verkefnið í stjórn efnahagsmála er að treysta atvinnu og koma í veg fyrir að eignir heimila og fyrirtækja brenni upp í háum vöxtum og verðbólgu vegna veikingar krónunnar.

Þetta verður aðeins gert með því að styrkja gengi íslensku krónunnar eins hratt og frekast er unnt til þess að koma í veg fyrir að núverandi veiking hennar leiði til óðaverðbólgu. Af sömu ástæðu er afar mikilvægt að lækka vexti eins hratt og mögulegt er. Alþýðusambandið telur að eina færa leiðin til ná þessum markmiðum séu ákvarðanir stjórnvalda, í samstarfi við aðila vinnumarkaðar, sem aukið geti trúverðugleika og ímynd okkar og sannfært fjármálamarkaði um að Ísland geti og muni komast á lygnan sjó aftur á næstu 2-4 árum. Í þessu sambandi telur ASÍ að eftirfarandi geti skipt sköpum:

Í fyrsta lagi styður ASÍ umsókn stjórnvalda um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í formi lánaþyrirgreiðslu og ráðgjafar um mótun nýrrar efnahagsstefnu til næstu ára, enda verði skilmálar sjóðsins ásættanlegir fyrir þjóðina. Slík aðgerð legði grunn að auknum trúverðugleika Íslands, því hún gerði öðrum aðildarríkjum sjóðsins kleift að veita okkur lánaþyrirgreiðslu samhliða sjóðnum. Með þessu móti myndi gjaldeyrissvarasjóðurinn stækka verulega og þannig tryggja Íslandi nauðsynlegan aðgang að erlendu lánsfé. Það ætti að gera okkur kleift að ná meiri gengisfestu til skemmri tíma litið.

Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánaþyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.

Í þriðja lagi telja samtökin mikilvægt að framlengja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og gera samkomulag við samtök opinberra starfsmanna um sameiginlega launastefnu, þar sem öllu launafólki verði tryggðar sambærilegar launahækkanir bæði á þessu ári og á næstu tveimur árum. Jafnframt verði unnið að því að innleiða nýjan staðal um launajafnrétti kynjanna og að öðrum verkefnum á sviði jafnréttismála. Slíkt er mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin. Það myndi auk þess skapa frið á vinnumarkaði og slá á verðbólguvæntingar.

Endurreisn atvinnulífsins

Ljóst er að mörg fyrirtæki geta lent í erfiðleikum vegna mikillar skuldsetningar og/eða tapa á fjárfestingum í fjármálageiranum. Mikil hætta er á að þessi fyrirtæki lendi í gjaldþroti, þrátt fyrir að um góðan rekstur sé að ræða. Því er mikilvægt að:

- Tryggja aðgengi að fjármagni í fjárfestingar í hagkerfinu þannig að hægt verði að þróa ný störf, tækni og sjálfbæra þróun.
- Skapa forsendur fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins, þar sem hugað verði að nauðsynlegri áhættudreifingu og –stýringu. Mikilvægt kann að vera að breyta ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, bæði í lögum og í samþykktum sjóðanna.
- Breyttar forsendur í áhættumati í eignastýringu lífeyrissjóðanna kalla á nýja nálgun í fjárfestingum þeirra. Gera þarf lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í

fasteignum eða fasteignafélögum, t.d. eignum sem leigðar eru einstaklingum og fyrirtækjum eða sveitarfélögum og ríkinu.

- Farið verði í áttak til að auka neyslu á íslenskri framleiðslu til að efla innlent atvinnulíf og spara dýrmætan gjaldeyri.
- Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu kann að vera nauðsynlegt að víkja tímabundið til hliðar samkeppnisreglum til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í atvinnulífinu í því skyni að skapa sterkari fyrirtæki. Slíkt verður þó að gera af mikilli varfærni og gæta að langtímahagsmunum neytenda og ekki síður fyrirtækja, því að fákeppni og einokun hefta möguleika nýrra fyrirtækja til að hasla sér völl á markaði. Þess vegna er mikilvægt að styrkja Samkeppniseftirlitið og gera því betur kleift að sinna hlutverki sínu við þær erfiðu aðstæður sem eru í efnahagslífinu.

Réttindi launafólks og staða heimilanna

Mikil og vaxandi verðbólga hefur farið illa með fjárhag heimilanna og fyrirsjáanlegt aukið atvinnuleysi og kaupmáttarskerðing munu auka enn á þennan vanda. Mikilvægt er að mæta fyrirsjáanlegum samdrætti í landsframleiðslu með virkum aðgerðum, sem lúta að því að undirbúa fólk fyrir ný störf á sama tíma og áhersla er lögð á að skapa forsendur fyrir nýrri framtíð. Varað er við hættu á aukinni misskiptingu í þjóðfélaginu. Tryggja verður ráðgjöf og aðstoð til launafólks sem verður fyrir áföllum. Mikilvægt er að standa vörð um fjármál heimilanna með viðtækum aðgerðum, sem m.a. felast í:

Varðstaða um fjármál heimilanna

- Tryggja þarf að árangur í lækkun vaxta og styrkingu á gengi íslensku krónunnar skili sér í lækkun á verðlagi og rjúfa þannig vítahring víxlverkandi hækkana. Fyrirtæki verða að gæta aðhalds í verðhækkunum og opinberir aðilar verða að halda gjaldskrárm sínum óbreyttum á næstu misserum til þess að sporna gegn frekari hækkun verðlags. Mikilvægt er að efla verðlagseftirlit ASÍ til að fylgja þessum markmiðum eftir.
- Greiðslubyrði húsnæðislána:

Íbúðalánasjóður:

Íbúðalánasjóður (ÍLS) veiti áfram almenn lán til einstaklinga. Tryggja þarf möguleika sjóðsins til að veita greiðsluerfiðleikalán til þeirra sem skulda í bönkunum með beinum lánum til einstaklinga eða með skilyrtum lánum til banka sem noti þau til að lána einstaklingum. Standa verður vörð um félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs.

Fasteignalán bankanna:

Mikilvægt er að ÍLS aðstoði íbúðakaupendur á næsta ári þegar kemur til vaxtaendurskoðunar bankanna á íbúðalánum með kaupum ÍLS á viðkomandi

bréfum frá bönkunum eða með endurfjármögnun án þess að íbúðakaup hafi átt sér stað. Sett verði lög um greiðsluáðlögun og skorður settar á allan innheimtukostnað vegna vanskila.

Sjóðafélagalán lífeyrissjóðanna:

Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðir veitt sjóðsfélögum, sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum, aðstoð með ýmsum hætti. Mikilvægt er að lífeyrissjóðirnir komi á samræmdum reglum, t.d. sambærilegu kerfi greiðsluáðlögunar og – jöfnunar og gildir hjá Íbúðalánasjóði.

- Mikilvægt er að afnema stimpilgjöld af húsnæðislánum nú þegar til að auðvelda heimilum endurfjármögnun skulda sinna.
- Efla þarf stöðu neytenda m.a. með því að sameina neytendaréttarsvið Neytendastofu og embætti talsmanns neytenda í eina stofnun sem hefði eingöngu hlutverk á sviði neytendamála. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum til að stuðla að virkri samkeppni.
- Nauðsynlegt kann að vera að heimila einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað til að greiða niður höfuðstól húsnæðisskulda ef þeir stendur frammi fyrir húsnæðismissi.
- Mikilvægt er að lækka næstu 2-3 ár tekjutengingu á endurgreiðslum námslána til að draga úr greiðslubyrði ungs fólks.
- Mikilvægt er að koma til móts við ungt fólk sem nýlega er komið út á vinnu- og húsnæðismarkaðinn. Í því skyni þarf að hækka barna- og vaxtabætur og draga úr tekjuskerðingum þeirra.
- Grípa verður til sérstakra aðgerða til að verja stöðu barna. Tryggja verður að öll börn geti notið leikskóladvalar og tómstunda óháð efnahag foreldra.
- Tryggja verður jafnrétti til náms óháð efnahag og félagslegri stöðu. Því er varað við gjalddöku í menntakerfinu.

Réttindi fólks á vinnumarkaði

Við núverandi aðstæður er mikilvægt að verja réttindi fólks á vinnumarkaði sem verkalyðshreyfinginn hefur náð með kjarasamningum og löggjöf. Jafnframt er mikilvægt að þær aðgerðir sem grípa þarf til byggi á samstarfi og sátt milli samtaka launafólks, atvinnurekenda, ríkis og sveitarfélaga.

- Tryggja þarf að löggjöf um atvinnuleysistryggingar taki mið af þeim sérstöku aðstæðum sem nú eru á vinnumarkaði og auðveldi fyrirtækjum og einstaklingum að bregðast við þeim án þess að koma þurfi til uppsagna.
- Mikilvægt að stjórnvöld ásamt aðilum vinnumarkaðarins skipuleggi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði sem nýtast launafólki með litla formlega menntun. Reynslan kennir að þegar samdráttur er í atvinnu er veruleg hættu á að þessi hópur verði helst fyrir barðinu á atvinnumissi. Áhersla er lögð á

að nýta þær fræðslustofnanir og þau úrræði sem þróuð hafa verið af þessum aðilum.

- Auka þarf fjárframlög til frumgreinadeilda til að mæta aukinni aðsókn og stuðla þarf að frekari framþróun starfsmenntunar.
- Leggja þarf meiri áherslu á íslenskunám fyrir erlenda borgara á vinnumarkaði

Uppbygging til framtíðar

Alþýðusamband Íslands telur að við þessar aðstæður sé afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þeirra og framtíðarsýn sem eykur tiltrú þeirra og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Að öðrum kosti gæti þjóðin misst ungt fólk úr landi.

- Auka þarf stuðning við nýsköpun og hagnýtar rannsóknir með auknum framlögum til Tæknipróunarsjóðs. Efla verður menntun sem stuðlar að aukinni nýsköpun og skapa sprotafyrirtækjum aukna möguleika.
- Leggja þarf áherslu á að hraða undirbúningi framkvæmda og flýta mannaflsfrekum viðhaldsframkvæmdum á vegum ríkis og sveitarfélaga, en fresta verkefnum sem eru með minna vægi mannafla. Til að tryggja atvinnu er mikilvægt, þar sem því verður við komið, að haga umfangi framkvæmda þannig, að ekki komi til útboða á evrópska efnahagssvæðinu. Einnig þarf að leggja áherslu á verkefni sem ekki þurfi að fara í umhverfismat eða tímafreka skipulagsvinnu.
- Ríkisstjórnin þarf að gefa út skýr skilaboð um að barist verði fyrir hagsmunum Íslands í loftslagssamningunum. Sérstaklega þarf að tryggja að íslenska ákvæðið gildi áfram. Ennfremur þarf að styðja dyggilega við geiranálgun.
- Ríkisstjórnin þarf að koma fram með skýra stefnu um stuðning við áform um virkjanir og orkunýtingu. Opinberar stofnanir sem fjalla um þessi mál þurfa að fá skýr skilaboð um vilja ríkisstjórnarinnar. Gæta verður þess við val á virkjunaráformum að ekki verði slakað á kröfum um verndun náttúru Íslands.
- Mikilvægt er að endurskoða reglur, verkferla og vinnubrögð vegna umhverfismats, þar sem lögð verði áhersla á að byggja upp meiri sérfræðipækkingu hjá Umhverfisstofnun og ákveðnari tímafresti á málsmeðferð.
- Styðja þarf við frekari uppbyggingu og rannsóknastarf í háskólum.
- Auka þarf stuðning við hönnun og vöruþróun í atvinnulífinu til að vinna nýja útflutningsmarkaði.

Hertar reglur um fjármálakerfið og uppgjör við fortíðina

- Alþýðusambandið lítur á það sem sitt hlutverk að ganga eftir því að fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á því hvers vegna þjóðin er komin í þessa stöðu. Gera þarf upp allar hliðar þessa máls. Hlutverk fjármálastofnana, ríkisstjórna, Seðlabankans og allra annarra megingerenda í atburðarásinni. Lagt

er til að fengnir verði óháðir sérfræðingar í þetta verkefni, bæði innlendir og erlendir.

- Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra, þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð.
- Með auknu skattfé í fjármálakerfið verða að fylgja opinber áhrif og stjórnun þannig að hægt verði að auka siðgæði og breyta markvisst hegðun stjórnenda.
- Auka verður eftirlit með fjármálakerfinu með tilliti til heimilda til skuldsetningar með því að herða kröfur um hlutfall handfastra eigna á móti skuldum.
- Herða þarf regluverk banka og fjármálafyrirtækja gagnvart ráðgjöf til einstaklinga, auka eftirlit og heimildir eftirlitsaðila.
- Setja verður alþjóðlegar reglur um aðhald að fjármálastarfsemi í ljósi þess hvers hnattvæddur fjármálageirinn er.
- Byggja þarf upp traust á Seðlabanka Íslands og stjórn hans. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að fagmennsku í stjórn bankans. Taka verður til endurskoðunar hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra.



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ í kjaramálum

Ársfundur ASÍ leggur þunga áherslu á að staða heimilanna verði varin eins og kostur er í þeim efnahagsþrengingum sem framundan eru. Ljóst er að kaupmáttur launa mun skerðast á komandi misserum. Forgangsverkefnið við þessar aðstæður er því að lágmarka þann skaða sem heimilin standa frammi fyrir og leggja grunn að því að kaupmáttur geti sem fyrst vaxið aftur.

Ársfundurinn telur því mikilvægt að skapa víðtæka samstöðu meðal allra stéttafélaga á almennum- og opinberum vinnumarkaði um launastefnu sem tryggi öllu launafólki sambærilegar launahækkanir og kjarabætur á þessu ári og næstu tveimur árum. Slík launastefna yrði mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin.

Ársfundurinn telur að slík aðgerð sé mikilvægt innlegg í þá kjarasamninga sem nú eru að losna og einnig í komandi endurskoðun kjarasamninga. Ársfundurinn telur einnig að sú stefnumótun fundarins um aðgerðir gegn fjármálakreppu og til að auka trúverðugleika sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er. Ársfundurinn telur að slík stefnumótun geti verið mikilvægur grunnur fyrir miðstjórn og aðildarsamtökin við gerð og endurskoðun kjarasamninga.



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands 2008 um jöfnun og samræmingu lífeyrisréttinda

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að lífeyrisréttindi alls vinnandi fólks á Íslandi verði samræmd og jöfnuð, án skerðingar fyrir almennt launafólk. Með því verði eytt þeirri mismunun sem viðgengist hefur þegar borin eru saman lífeyriskjör launafólks sem aðild á að lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum, þar á meðal hvað varðar aukin og óskert lífeyrisréttindi sem ráðherrar og alþingismenn skömmtuðu sér í desember 2003.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands telur að samfélag okkar geti ekki farið í gegnum þá erfiðleika sem nú er tekist á við, öðruvísi en með sátt sem m.a. feli í sér afnám þessarar áralöngu og vaxandi mismununar sem vegna þessara sömu erfiðleika mun aukast.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands vekur athygli á því, að vegna þeirra neyðarlaga sem sett voru vegna fjármálakreppunnar í byrjun október, falls bankanna, samdráttar og yfirvofandi gjaldþrota fyrirtækja hafa lífeyrissjóðir landsmanna tapað hluta eigna sinna. Í kjölfarið munu lífeyrisréttindi í almennu lífeyrissjóðunum verða skert. Hins vegar munu lífeyrisréttindi í opinberu sjóðunum ekki verða skert og ríkis- og sveitarsjóðir skv. gildandi lögum leggja sjóðunum það fé sem til þarf til þess að standa undir óskertum réttindum. Á þennan hátt er launafólki á almennum vinnumarkaði gert að taka á sig með tvöföldum þunga, það tap sem allir lífeyrissjóðir landsmanna verða nú fyrir.

Sáttar er þörf í íslensku samfélagi til þess að koma þjóðinni í gegnum þær þrengingar sem nú blasa við. Þeirri sátt verður ekki náð án þess að afnema þá mismunun sem landsmenn búa við í lífeyrismálum sínum.

Greinargerð

Alþýðusamband Íslands hefur um árabíl barist fyrir því að lífeyrisréttindi allra landsmanna verði jöfnuð og samræmd. Stjórnvöld hafa ítrekað gefið vilyrði fyrir því að á henni verði unnið en við það hefur ekki verið staðið. Vegna þess ástands sem nú ríkir verður ekki við það unað að launafólk á samningssviði ASÍ á almennum vinnumarkaði taki á sig skerðingu eigin lífeyrisréttinda samhliða því að standa undir óskertum lífeyrisréttindum úr opinberu sjóðunum.

Alþýðusamband Ísland rifjar upp, að fyrir setningu laga nr. 70/1996, nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var því haldið fram að önnur og betri réttindi ríkisstarfsmanna væri m.a. að rekja til þess að þeir bæru meiri skyldur en aðrir starfsmenn hins opinbera og jafnframt að ýmis

félagsleg réttindi þeirra væru takmörkuð. Þegar lög nr. 70/1996 voru í undirbúningi var það yfirlýstur megingilgangur þeirra að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði, meðal annars í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað á vinnumarkaði frá árinu 1954 þegar eldri lög voru sett. Í greinargerð með frumvarpinu segir:

“Í samræmi við þá nýju stefnu í starfsmannamálum ríkisins, sem mótuð hefur verið og gerð er grein fyrir í kafla II hér að framan, er tilgangur frumvarps þess sem hér er lagt fram einkum þrjúþættur: 1) Í fyrsta lagi að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði, m.a. í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á síðustu fjórum áratugum.”

Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi 1996 sagði m.a.:

“Ríkisstarfsmenn hafa nú flestir fengið samnings- og verkfallsrétt, auk þess sem margir þeirra eru sem fyrr segir ráðnir samkvæmt ráðningarsamningum með gagnkvæmum fresti til uppsagnar. Þrátt fyrir þetta er enn á því byggt að lögini taki einvörðungu til þeirra sem eru félagsmenn í félögum innan vébanda BSRB og BHMR. Sá skilningur samrýmist tæplega ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti né heldur ákvæði 74. gr. hennar um félagafrelsi, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995.”

Frumvarpinu var þannig ætlað að ráða bót á þessu misrétti auk þess sem stefnt var að því að réttindi hvers starfsmanns samsvöruðu þeim skyldum sem honum væru lagðar á herðar á sama hátt og gert hefði verið á sínum tíma þegar lög nr. 38/1954 (eldri lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna) hefðu verið sett. Samkvæmt því var í frumvarpinu gert ráð fyrir að mismunandi reglur giltu um starfsmenn ríkisins eftir því hver réttarstaða þeirra væri. Þannig var lagt til að starfsöryggi þeirra starfsmanna er nyttu hvorki samnings- né verkfallsréttar yrði tryggt nokkru betur en venja væri en aðrir starfsmenn ríkisins er nyttu almennt samnings- og verkfallsréttar og byggju við svipað starfsöryggi og launafólk á almenna vinnumarkaðinum.

Með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var gerð sú breyting á réttarstöðu starfsmanna í almennum stéttarfélögum í störfum hjá ríkinu að þeir voru gerðir að “ríkisstarfsmönnum”, þ.e. lögini ná til þeirra eins og annarra starfsmanna ríkisins. Þessu fylgdu viðbótarskyldur fyrir þessa starfsmenn, svo sem varðandi trúnaðarskyldu, skyldu til að vinna yfirvinnu og skyldu til að biðja um leyfi til að gegna launuðu starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi hjá ríkinu. Í tengslum við þessa lagabreytingu var rætt um þann megingilgang laganna að bæta réttarstöðu starfsmanna sem væru ekki félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna. Þessir starfsmenn myndu jafnframt öðlast þau réttindi sem lögini fela í sér og ríkið sem atvinnurekandi mundi virða ákvæði stjórnarsýslulaga um að gæta jafnræðis gagnvart starfsmönnum sínum. Lög yrðu sett um veikindarétt og fæðingarorlofsrétt eða samið við aðila þannig að jafnræði næðist.

Jafnræði eins og stefnt var að með setningu laga nr. 70/1996 og lýst var í greinargerð með frumvarpinu með tilvísun til stjórnarskrár er enn víðs fjarri. Þann 18.3 1997 gaf síðan ríkisstjórn Íslands út sérstaka yfirlýsingu en þar segir m.a.:

“Í kjarasamningum ASÍ félaga við ríkið verði sérstaklega hugað að því að samræma lífeyrisréttindi þeirra hópa við lífeyrisréttindi annarra ríkisstarfsmanna. Skipuð verði nefnd stjórnvalda og samningsaðila á almennum vinnumarkaði um samræmingu á lífeyrisréttindum á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.”

Í tengslum við kjarasamninginn 13.12 2001 gaf ríkisstjórn Íslands eftirfarandi yfirlýsingu:

“Að undanfögnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa ASÍ og fjármálaráðuneytisins vegna tiltekinnna vandamála sem tengjast mismunandi kjörum starfsmanna í stéttarfélagum ríkisstarfsmanna og aðildarféлага ASÍ. Af hálfu ráðuneytisins er fullur vllji til þess að haida þessum viðræðum áfram og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu. Í ljósi fyrirhugaðrar endurskoðunar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er mikilvægt að ná frambúðarlausn í þessum málum í samráði við Alþýðusamband Íslands.”

Þessi yfirlýsing var veigamikill þáttur í að ná þeirri breiðu sátt sem náðist með samkomulagi aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar þann 13. desember 2001. Ekki hefur fengist niðurstaða í viðræður um samræmingu á réttindum féлага í ASÍ, sem starfa hjá ríkinu, við kjör annarra starfsmanna ríkisins.



Efnahagsþrengingarnar:

Aðgerðir til að upplýsa og aðstoða félagsmenn stéttarfélaganna

Sérstök áhersla verður á næstunni lögð á að Alþýðusambandið styrki og efla aðildarfélögin í starfi þeirra við að upplýsa og aðstoða félagsmenn þeirra sem lenda efnahagsþrengingum og atvinnumissi. Af hálf ASÍ er skipulagning þessa starf í höndum forseta, framkvæmdarstjóra og deildarstjóra á skrifstofu þess. Jafnframt hefur verið stofnaður sérstakur samráðs-/ráðgjafarhópur með fulltrúum landssambanda og stærst félaga innan ASÍ til að fá leiðbeiningu frá fulltrúum aðildarsamtakanna um það hvernig ASÍ getur best þjónað þessu hlutverki sínu um leið og miðlað er reynslu og þekkingu á milli þessara aðila um það sem gert er. Hópurinn hefur hist einu sinni og er stefnt að því að hann fundi reglulega.

Forsetar ASÍ hafa átt fund með félagsmálaráðherra um stöðu mála og samstarf ASÍ og ráðuneytisins og stofnana þess um upplýsingamiðlun og aðgerðir til að aðstoða launafólk við að mæta þrengingunum. Í framhaldi hefur verið komið á samstarfi við ráðuneytið og stofnanir þess (Vinnumálastofnun, Ráðgjafarmiðstöð um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð, Fjölmennigarsetur) á ýmsum sviðum. Einnig er samstarf við Rauða krossinn, Alþjóðahús og fleiri aðila.

Upplýsingamiðlun - sérstök upplýsingagátt á heimasíðu ASÍ

Sett hefur verið upp sérstök upplýsingagátt undir fyrirsögninni „Efnahagsþrengingar“ á vef ASÍ. Um er að ræða upplýsingaveitu sem er ætluð til að koma á framfæri við aðildarsamtök ASÍ starfsmenn þeirra, trúnaðarmenn og almennt launafólk upplýsingum og leiðbeiningum varðandi það sem helst brennur á við núverandi aðstæður í efnahags- og atvinnumálum. Það á sérstaklega við um réttarstöðu launafólks varðandi samdrátt og breytingar á vinnumarkaði, slít á ráðningarsamningum, atvinnuleysistryggingar, ábyrgð á launum við gjaldþrot og vinnumarkaðsaðgerðir. En einnig þætti er varða fjármál heimilanna, úrræði vegna greiðsluferfiðleika og tengt efni.


Allt upplýsinga og kynningarefni sem unnið verður af Alþýðusambandinu og annað gagnlegt efni verður sett í þessa upplýsingagátt, ásamt tenglasafni með upplýsingum um aðra gagnlega upplýsingavefi. Starfsmenn aðildarsamtakanna eiga að geta nýtt þetta efni í sinni upplýsingagjöf til trúnaðarmanna og annarra félagsmanna, prentað það út til dreifingar eða vísað einstaklingum á að kynna sér efnið á vefnum.

Þegar hefur verið lagt inn ýmislegt efni og verður því halda því áfram:

Virkar vinnumarkaðsaðgerðir - Uppbyggingastarfið

Fyrir liggur að þegar þarf að undirbúa samstarf aðila vinnumarkaðarins, opinberra aðila og fræðslustofnana atvinnulífsins varðandi framboð á virkum vinnumarkaðsaðgerðum, þ.m.t. námsframboð af ýmsu tagi.

Undirbúningur er þegar hafinn. Af hálfu ASÍ verður lögð áhersla á að reyna að nálgast málin heildstætt og nýta þær stofnanir og samstarf sem þegar eru til staðar í þeim efnum. Það gildir bæði hvað varðar heildarmyndina, en ekki síður aðgerðir og samstarf á einstaka svæðum á landinu.



Alþýðusamband Íslands

Iðgjöld til lífeyrissjóðanna

- tapast þau og hver er staða lífeyrissjóðanna?

Október 2008 (1.útgáfa /14.10 2008)

Sumt af viðbótarlífeyrissparnaði landsmanna er síðan tryggt á sérstökum innlánsreikningum (lífeyrisbókum) og ljóst að sá sparnaður mun varinn að fullu af Tryggingasjóði og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6.10 2008 eins og aðrar inneignir í bankakerfinu. Loks mun viðbótarlífeyrissparnaður varðveittur og ávaxtaður með sama hætti og eignasafn viðkomandi samtryggingarlífeyrissjóðs og mun sá sparnaður því fylgja ávöxtun hans og er ekki tryggður í Tryggingasjóði. Hins vegar munu ný iðgjöld ekki sæta skerðingu sbr. hér að ofan.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði.

Þrátt fyrir að einhver skerðing lífeyrisréttinda virðist nú vera óumflýjanleg ber að hafa í huga að staða lífeyrissjóðanna er mjög sterk og ávöxtun þeirra undanfarin ár hefur verið mikil og miðað við svartskýnuðu spár verður staða þeirra eftir skerðingu ekki lakari en hún var um mitt ár 2005.

Í lok ágúst 2008 var staða þeirra þannig að um 9% af heildareignum lífeyrissjóðanna var í innlendum hlutabréfum, um 10% í fyrirtækjabréfum, um 8% í skuldabréfum banka og um 9% í verðbréfasjóðum. Þetta eru um 36% af heildareignum sjóðanna og ekki er að fullu ljóst hve mikið þessar eignir mun rýrna. Aðrar eignir sjóðanna munu vel tryggðar. Að teknu tilliti til þess að fjárfestingar lífeyrissjóðanna eru ekki allar eins samsettar og að ekki eru komnar fram allar ráðstafanir stjórnvalda, gæti komið til þess að eignarýrnun yrði á bilinu 10-25%.

Það þýðir hins vegar ekki að lífeyrir muni lækka um þetta sama hlutfall og raunar er ljóst að hann mun lækka talsvert og mun minna. Hver lækkunin endanlega verður ræðst m.a. af aldursamsetningu sjóðfélaga og hve mikið af ávöxtun undanfarinna ára hefur verið tekin inn í hækkun lífeyrisréttinda. Sú lækkun kemur þó aldrei til framkvæmda fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs. Hafa ber einnig í huga að lækkun lífeyris frá lífeyrissjóðum getur í mörgum tilvikum hækkað bætur almannatrygginga.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	3
2. Samningar um greiðsludreifingu gjaldfallinna skulda.....	3
3. Skuldbreyting vanskila breytt í nýtt lán til 5 – 15 ára	3
4. Frestun á lána greiðslum (fyrsting) í allt að 3 ár.....	4
5. Frestun vegna sölutregðu eignar við kaup á annarri eign.....	4
6. Lenging lána um allt að 15 ár.....	5
7. Upplýsingar o.fl.....	6

Ef ástæða greiðsluferfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom. Skila þarf inn viðurkenndum fylgigögnum með umsókn um skuldbreytingu: Afrit af tveimur síðustu skattaskýrslum, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, afrit gagna er veita upplýsingar um lífeyri, bætur, meðlög, barnabætur, húsaleigu og aðrar tekjur. Einnig skal skila inn afriti af síðast greiðsluseðli allra lána umsækjanda, afriti af samningum við kröfuhafa og veðbókavottorði.

4. Frestun á lánagreiðslum (frysting) í allt að 3 ár

Skuldari snýr sér til síns banka, sparisjóðs eða Ráðgjafastofu heimilanna. Þessir aðilar koma umsókninni áfram til Íbúðarlánasjóðs. Ekki er hægt að sækja beint um hjá Íbúðarlánasjóði. Íbúðarlánasjóð er í framhaldinu heimilt að veita einstaklingum frestun á lánagreiðslum í allt að 3 ár. Einnig er heimilt að fresta greiðslum afborgana af höfuðstól þannig að eingöngu séu greiddir vextir og verðbætur af vöxtum. Eigi umsækjandi í verulegum greiðsluvanda og sé kominn í þrot með fjármál sín eða mál telst að öðru leyti umfangsmikið að mati fjármálastofnunar vísar hún umsókn til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Að lokinni könnun Ráðgjafarstofu á málinu gerir hún tillögu til Íbúðarlánasjóðs og hlutaðeigandi fjármálastofnunar um úrlausn vandans. Skilyrði fyrir frestun greiðslna eru:

1. Að greiðsluferfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánadrottnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluferfiðleika
3. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu
4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum rúmist innan greiðslugetu
5. Að lán sé í skilum

Ef ástæða greiðsluferfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom. Skila þarf inn viðurkenndum fylgigögnum með umsókn um skuldbreytingu en þau eru: Afrit af tveimur síðustu skattaskýrslum, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, afrit gagna er veita upplýsingar um lífeyri, bætur, meðlög, barnabætur, húsaleigu og aðrar tekjur. Einnig skal skila inn afriti af síðast greiðsluseðli allra lána umsækjanda, afriti af samningum við kröfuhafa og veðbókavottorði.

5. Frestun vegna sölutregðu eignar við kaup á annarri eign

Skuldari snýr sér beint til Íbúðarlánasjóðs. Þeir sem hafa keypt fasteign en hefur ekki tekist að selja eign sem þeir eiga fyrir geta fengið frestun á greiðslu lána hjá Íbúðarlánasjóði. Frestunin nær til annarrar eða beggja eigna aðila. Sama rétt eiga þeir sem eru að byggja. Frestur er veittur í eitt ár í senn og eru skilyrði fyrir frestuninni þessi:

1. Fasteign hafi verið keypt eftir 1. júlí 2007
2. Reynt hafi verið að selja aðra eignina
3. Fjárhæð láns/lána að lokinni frystingu fari ekki yfir 90% af kaupverði/söluverði.

Þegar lán hefur verið fryst þarf ekki að greiða fastar afborganir. Þegar frystingu er aflétt bætast vextir og verðbætur við höfuðstólinn og greiðslubyrði er umreiknuð. Í bréfi til Íbúðarlánasjóðs skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

7. Upplýsingar o.fl.

Í grænu símanúmeri félagsmálaráðuneytisins, **800-1190** má nálgast ýmsar upplýsingar er varða stöðu einstaklinga gagnvart Íbúðalánasjóði, bönkum og lánastofnunum. Símtölin eru endurgjaldslaus og þaðan má fá beint samband við velferðastofnanir sem veita upplýsingar vegna: Húsnæðislána, greiðsluferfiðleika, tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta auk atvinnuleitar og atvinnuleysis. Til stendur að skoða þessi mál enn frekar á næstu vikum að sögn félagsmálaráðuneytisins og munu nýjar upplýsingar verða settar hér um leið og þær eru staðfestar af stjórnvöldum.

Gagnlegar slóðir og heimildir:


Íbúðarlánasjóður / greiðsluferfiðleikar

Þjónustunet félagsmálaráðuneytisins

Ráðgjafastofnun um fjármál heimilanna

Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál

Reglugerð nr. 584/2001 um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.



Alþýðusamband Íslands

Spurt og svarað í efnahagsþrengingunum

Október 2008 (1.útgáfa/20.10 2008)

Hvað eru tekjutengdar atvinnuleysisbætur?	8
Hvað eru hæstu mögulegu atvinnuleysisbæturnar í krónum talið?	8
Ég er með 380.000 á mánuði – held ég því eftir uppsögn í gegnum atvinnuleysisbætur?	8
Hverjar eru lágmarksbætur?	8
Ég er með 200.000 á mánuði og vinn bara 75% vinnu. Hvað eru bæturnar mínar háar?	8
Ég hef ekki stundað fulla vinnu – hvað á ég rétt á miklum greiðslum frá Atvinnuleysistryggingasjóði? .	9
Er boðið upp á einhverja aðstoð frá hinu opinbera varðandi atvinnuleit og endurmenntun?	9
Get ég haldið áfram aðild að stéttarfélaginu mínu eftir að ég verð atvinnulaus?.....	9
Góðar upplýsingar á vef Vinnumálastofnunar.....	9
7. Inneignir í bönkum.....	9
Hvaða inneignir í bönkunum eru tryggðar?.....	9
Hvaða „innegnir“ eru ekki tryggðar?.....	9
Hvenær fæ ég greitt ef ábyrgð Tryggingasjóðs verður virk?	9
Upplýsingatenglar	10
8. Lífeyrissjóðsiðgjöld og staða lífeyrissjóðanna	10
Hver er munurinn á lögbundum lífeyrissjóðsgreiðslum og viðbótarlífeyrissparnaði?	10
Hvernig er staða almennu lífeyrissjóðanna eftir efnahagsþrengingarnar?	10
Hvernig munu almennu lífeyrissjóðirnir bregðast við því tapi sem er fyrirsjáanlegt nú?	10
Eru iðagjaldagreiðslur sem berast almennu lífeyrissjóðunum eftir bankaáfallið öruggar?	10
Hvenær kemur í ljós hver staða almennu lífeyrissjóðanna er?	10
Skerðast greiðslur mikið til þeirra sem eru komnir á lífeyrisaldur og þiggja greiðslur frá lífeyrissjóðunum?.....	10
Hvað geri ég ef greiðslurnar til mín lækka mikið?.....	10
Hefur áunninn viðbótarlífeyrissparnaður minn brunnið upp?	10
Á ég að taka þá áhættu á að greiða aftur til séreignasjóðs?	11
Hvað ber mér samkvæmt lögum að greiða til lífeyrissjóðs?	11
9. Greiðsluferfiðleikar fólks sem er að borga af íbúðarhúsnæði	11
Eru einhver úrræði hjá Íbúðarlánasjóði fyrir fólk sem er komið í þrot með greiðslur?	11
Eru einhver úrræði til staðar fyrir fólk sem tók íbúðarlán í erlendri mynt?	11
Við hvern á að hafa samband til að fá upplýsingar og hjálp í greiðsluferfiðleikum?	11
Í hvaða tilfellum er haft beint samband við Íbúðarlánasjóð?.....	11
Ég er komin í vanskil með lán en innheimtuaðgerðir eru ekki hafnar – hvað get ég gert?.....	11
Ég er komin í vanskil með lán og innheimtuaðgerðir eru hafnar – hvað get ég gert?	11
Skuldir eru orðnar svo miklar að ég er að missa íbúðina (nauðungarsölubeiðni)– hvað get ég gert?....	12
Ég er komin í greiðsluferfiðleika sem stafa af óvæntum tímabundnum erfiðleikum s.s. veikindum, slysi, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum – hvað get ég gert?	12
Ég er komin í meiriháttar vanskil og í raun þrot með öll mín fjármál – hvað get ég gert?.....	12
Ég hef keypt íbúðarhúsnæði en get ekki selt það húsnæði sem ég átti fyrir – hvað get ég gert?	12
Hvað með lífeyrissjóðslánin og vanskil af þeim?	12

felst að launamaður á að vera eins settur eftir ólögmeta uppsögn eins og hann hefði verið er uppsögn hefði borið að með eðlilegum hætti.

Mér var sagt upp með eðlilegum hætti og sagt að koma ekki meir í vinnuna – má það?

Svar: Það má gegn því að atvinnurekandi leggi fram formlega staðfest loforð að laun í uppsagnafresti verði greidd.

Greiðslum vegna umsaminnar yfirvinnu og sérstakra ráðningarkjara var rift – á ég einhvern rétt?

Svar: Fastri yfirvinnu og sérstökum ráðningarkjörum ber að segja upp með sama hætti og sömu frestum og ráðningarsamningi í heild sinni. Sjá nánar á vinnuréttarvef ASÍ.

Ég fæ ekki launin mín greidd – hvað get ég gert?

Svar: Meginskylda atvinnurekanda er að greiða laun á gjalddaga. Séu þau ekki greidd hefur atvinnurekandi að öllum líkindum brotið ráðningarsamning á starfsmanni. Skiptir hér ekki máli hvort greiðslufallið stafar af almennum ómöguleika til að greiða eða öðrum ástæðum. Sjá nánar á vinnuréttarvef ASÍ.

Ég vinn í framleiðslu, hráefni er ekki til og engin vinna – hver er réttur minn?

Svar: Skyldur starfsmanna felast í því að sinna þeim störfum sem þeir er ráðnir til, undir stjórn og á ábyrgð atvinnurekanda. Lamist starfsemi atvinnurekanda vegna þess að honum berast ekki þau aðföng sem nauðsynleg eru til þess að vinna geti farið fram, hefur það að jafnaði engin áhrif á réttarstöðu starfsmanna þ.e. þeim ber að mæta til vinnu og tapa ekki launum. Frá þessu eru tvær undantekningar. Hin fyrri varðar hráefnisskort í fiskvinnslu. Þar er staðan sú að atvinnurekandi sem greiðir starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Með tímabundinni vinnslustöðvun er í lögum þessum átt við að hráefnisskort eða aðrar viðlíka ástæður (svo sem bruna, bilunar í vélum eða vegna þess að ekki er talið réttlætanlegt að vinna afla vegna ónógs magns). Með þessum hætti er tryggt að fiskvinnslufólk heldur föstum launum sínum. Hin síðari varðar óviðráðanleg ytri atvik (force majeure) atvik en telja verður tímabundinn hráefnisskort vegna stórfelldra efnahagslegra atvika ekki falla undir það hugtak. Þetta er þó umdeilt meðal fræðimanna.

3. Hópuþpupsagnir

Hvað er hópuþpupsögn?

Svar: Hópuþpupsögn er eins og nafnið gefur til kynna uppsögn hóps starfsmanna í sama fyrirtæki. Til eru lög um hópuþpupsagnir og gilda þau um uppsagnir af ástæðum sem tengjast ekki hverjum einstökum starfsmanni heldur ytri aðstæðum eins og t.d. samdrætti hjá fyrirtæki.

Eru einhver skilyrði fyrir fjölda starfsmanna í uppsögn svo hún verði hópuþpupsögn?

Svar: Já skilyrði er að fjöldi starfsmanna sem atvinnurekandi segir upp á 30 daga tímabili sé:

- a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
- b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
- c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Hver er önnur staða mín við gjaldþrot?

Svar: Starfsmenn eru lausir undan ráðningarsamningi sínum við fyrirtækið um leið og það hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Almennt er túlkunin sú að starfsmenn eru hvorki bundnir vinnuskyldu né uppsagnarfresti og öðru því sem reynir á í starfssambandi.

Ábyrgist Ábyrgðarsjóður launa allar vangreiddar launakröfur við gjaldþrot?

Svar: Ábyrgðarsjóður gengur tryggir vangoldin laun þriggja síðustu mánaða, laun í uppsagnarfresti í allt að þrjú mánuði, áunnið orlof og bætur vegna vinnuslysa. Auk þess ábyrgist sjóðurinn lífeyrissjóðsgjöld og nær það til lágmarksiðgjaldsins (12%) og allt að 4% viðbótarlífeyrisgreiðslu.

Er eitthvert skilyrði fyrir greiðslu vangoldinna launa að sá sem gerir kröfu á Ábyrgðarsjóð launa sýni fram á að hann hafi verið á vinnumarkaði og leitað reglulega að nýrri vinnu á uppsagnarfresti?

Svar: Já, það er skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins að viðkomandi sé á vinnumarkaði og í atvinnuleit í þá mánuði sem hann krefur sjóðinn um greiðslu.

Er eitthvert hámark á ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna vangoldinna launa?

Svar: Já, ráðherra ákveður með reglugerð 1. janúar ár hvert hámarksábyrgð sjóðsins. Hámarksábyrgð á launakröfur fyrir árið 2008 eru 345.000 á mánuði.

Koma greiðslurnar sjálfkrafa til mín við gjaldþrot frá Ábyrgðarsjóði launa?

Svar: Nei, starfsmenn gjaldþrota fyrirtækja verða bera sig sjálfir eftir þeim greiðslum sem þeir eiga rétt á úr sjóðnum. Starfsmenn stéttarfélaganna og lögfræðingar þeirra veita nauðsynlega aðstoð í þessu sambandi.

Ábyrgist Ábyrgðarsjóður launa kröfur vegna vangoldinna félagsgjalda stéttarfélaga?

Svar: Nei, en sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur getur óskað eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá Vinnumálastofnun um að koma greiðslunni til viðkomandi stéttarfélags.

Koma laun frá nýjum atvinnurekanda til frádráttar kröfu minni á hendur Ábyrgðarsjóði launa?

Svar: já.

Hvað með atvinnuleysisbætur – koma þær líka til frádráttar?

Svar: já.

6. Atvinnuleysi

Hverjir eiga rétt til atvinnuleysisbóta?

Svar: Atvinnuleysisbætur eiga að tryggja iaunamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundnar fjárhagsaðstoð meðan leit að nýju starfi stendur yfir eftir vinnumissi. Atvinnuleysisbætur skiptast í tvo flokka: tekjutengdar atvinnuleysisbætur og grunnatvinnuleysisbætur.

Í þessu dæmi eru lágmarks atvinnuleysisbætur hærrí en laun fyrir 75% vinnu launþega og fær hann því lágmarksbætur greiddar.

Ég hef ekki stundað fulla vinnu – hvað á ég rétt á miklum greiðslum frá Atvinnuleysisstryggingasjóði?

Svar: Hér má sjá hlutfallsútreikninga og bótarétt í samræmi við vinnuframlag. Upplýsingar eru teknar af vef Vinnumálastofnunar.

Er boðið upp á einhverja aðstoð frá hinu opinbera varðandi atvinnuleit og endurmenntun?

Svar: Já Vinnumálastofnun og þjónustuskrifstofur hennar um landið veita þessa aðstoð. Allir á aldrinum 16-70 ára og eru í atvinnuleit eiga rétt á þjónustu þessari sér að kostnaðarlausu.

Get ég haldið áfram aðild að stéttarfélaginu mínu eftir að ég verð atvinnulaus?

Svar: Já og það skiptir miklu máli. Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsveld sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkrabjálfunar og menntunar félagsmanna.

Góðar upplýsingar á vef Vinnumálastofnunar

7. Inneignir í bönkum

Hvaða inneignir í bönkunum eru tryggðar?

Svar: Innistæður á hefðbundnum innlánsreikningum, reiðufé og verðbréf í eigu viðskiptamanns sem er í umsjón eða umsýslu bankastofnunar. Hámark bóta til hvers aðila er um 3 milljónir. Ef viðskiptamaður á innistæður í fleiri en einni bankastofnun gildir nýtt hámark þar. Ríkisstjórn Íslands hefur gefið út að allar innistæður séu tryggðar – ekki bara að lámarki 3 millj. Tryggingasjóður innistæðueiganda ber ábyrgð á greiðslum.

Hvaða „innegir“ eru ekki tryggðar?

Svar: Í raun allt annað en að ofan greinir. Hvað fæst greitt fer allt eftir samsetningu þeirra sjóða sem viðskiptamaður á hlutdeild í en skilaneindir bankanna vinna nú að uppgjöri þeirra. Sjá nánar um þetta á vef ASÍ.

Hvenær fæ ég greitt ef ábyrgð Tryggingasjóðs verður virk?

Svar: Þegar Fjármálaeftirlitið gefur út að bankastofnun geti ekki greitt út innistæður. Einnig ef og þegar bankastofnun er tekin til gjaldþrotaskipta. Skal greiðsla fara fram innan þriggja mánaða frá þessu tímamarki en þó getur viðskiptaráðherra framlengt þann frest um þrjá mánuði í senn en þó að hámarki upp í 12 mánuði.

viðbótarlífeyrissparnaðurinn er mjög mismunandi. Sumir geta hafa valið áhættusamar ávöxtunarleiðir með háu hlutfalli hlutabréfa meðan aðrir hafa haldið sig við lífeyrissbækur sem eiga að vera öruggar. Rétt er að þeir sem völdu einhverja áhættu í sparnaði sínum búi sig undir skerðingu.

Á ég að taka þá áhættu á að greiða aftur til séreignasjóðs?

Svar: Allar innborganir sem berast séreignasjóðunum eftir að fjármálamarkaðir lokuðu í byrjun október verður ráðstafað með öruggum hætti. Þessi nýju iðgjöld munu því ekki skerðast.

Hvað ber mér samkvæmt lögum að greiða til lífeyrissjóðs?

Svar: Launafólk greiðir 4% og atvinnurekandi 8% mótgreiðslu. Launafólk hefur síðan val hvort hann greiðir einnig viðbótarlífeyrissparnað 2-4% og atvinnugreiðandi greiðir 2% á móti. Viðbótarlífeyrissparnaður er ekki lögbundinn.

9. Greiðsluferfiðleikar fólks sem er að borga af íbúðarhúsnæði

Eru einhver úrræði hjá Íbúðarlánasjóði fyrir fólk sem er komið í þrot með greiðslur?

Svar: Já - Íbúðarlánasjóður hefur nokkur úrræði sem hægt er að grípa til þegar lántakendur hjá sjóðnum eru komnir í greiðsluferfiðleika. Verður hverri leið gerð skil hér á eftir. Hér eru mjög góðar upplýsingar frá íbúðarlánasjóði.

Eru einhver úrræði til staðar fyrir fólk sem tók íbúðarlán í erlendri mynt?

Svar: Já - í nýsettum neyðarlögum er íbúðarlánasjóði veitt heimild til að koma að og endurfjármagna lán fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Ef þessi lán verða yfirtekin af íbúðarlánasjóði mun lántakendum þessara lána standa til boða sömu úrræði vegna greiðsluferfiðleika eins og þeim sem tóku lán hjá sjóðnum.

Við hvern á að hafa samband til að fá upplýsingar og hjálp í greiðsluferfiðleikum?

Svar: Ýmist snúa skuldarar sér beint til Íbúðarlánasjóðs, viðskiptabanka og/eða Ráðgjafastofu heimilanna.

Í hvaða tilfellum er haft beint samband við Íbúðarlánasjóð?


Svar: Þegar skuldari gerir samning um greiðsludreifingu skulda í allt að 18 mánuði og þegar óska þarf frestunar á greiðslum vegna sölutregðu eignar við kaup á annarri eign.

Ég er komin í vanskil með lán en innheimtuaðgerðir eru ekki hafnar – hvað get ég gert?

Svar: Hafa samband við Íbúðarlánasjóð og gera samning um greiðsludreifingu gjaldfallina skulda auk afborgana í allt að 18 mánuði. Innheimtuaðgerðir stöðvast sjálfkrafa við samninginn.

Ég er komin í vanskil með lán og innheimtuaðgerðir eru hafnar – hvað get ég gert?

Svar: Hafa samband við Íbúðarlánasjóð og gera samning um greiðsludreifingu gjaldfallina skulda auk afborgana í allt að 18 mánuði. Innheimtukostnaður fellur ekki niður.



Alþýðusamband Íslands

Inneignir í bönkum - tapast þær?

Október 2008 (3.útgáfa /20.10 2008)

1. Hvaða inneignir almennings eru tryggðar

Innistæður á hefðbundnum innlánsreikningum. Með því er átt við innstæður viðskiptamanna sem tilkomnar eru vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Undir þetta falla bæði almennir og óbundnir reikningar en einnig reikningar sem bundnir eru í tíma.

Verðbréf. Með því er átt við verðbréf í eigu viðskiptamanns og sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu bankastofnunar og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Þetta á t.d. við um skuldabréf á þriðja aðila sem viðskiptamaður hefur falið bankastofnun umsjón með og sem glatast í þeirra vörslum.

Reiðufé. Með því er átt við innborgað reiðufé viðskiptamanns til bankastofnunar í tengslum við viðskipti með verðbréf t.d. fé sem greitt er bankastofnun til kaupa á verðbréfum en kaupin hafa ekki átt sér stað og peningarnir í vörslu stofnunarinnar. Það fé væri tryggt.


Samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (Tryggingasjóðslögin) er hámark bóta til hvers og eins viðskiptamanns 1.7 milljónir króna miðað við gengi evru þann 5.1 1999. Miðað við gengi evru þann 7.10 2008 losar þessi ábyrgð 3.000.000.- króna. Þessi fjárhæð er fyrir hverja kennitölu vegna allra inneigna í sömu bankastofnun. Ef viðskiptamaður á innistæður í fleiri bankastofnunum gildir nýtt hámark þar.

Skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6.10 2008 mun ríkissjóður ábyrgjast allar innistæður skv. töluliðum 1-3, þrátt fyrir hámarksákvæði laganna. Þessari yfirlýsingu hefur ekki verið fundinn staður í lögum.

2. Hvaða inneignir almennings eru ekki tryggðar

Allt annað en það sem að ofan greinir - eignir í sjóðum. Með því er átt við eignir eða hlutdeild viðskiptamanna í aðskiljanlegum sjóðum bankastofnana. Þeir sjóðir eru settir upp m.v. mismunandi áhættu. Sumir sjóðanna dreifa eignum milli venjulegra bankareikninga, ríkisskuldabréfa, skuldabréfa fyrirtækja, hlutabréfa og svo framvegis. Aðrir eru áhættusæknari og geta hafa fjárfest eingöngu í hlutabréfum. Þessir sjóðir eru sjálfstæðir og gerðir upp hver fyrir sig. Eign hvers og eins viðskiptamanns sem lagt hefur þar inn fé ræðst af því hvert verðmæti þeirra eigna sem sjóðurinn hefur keypt er á hverjum tíma.

Flestir þessara sjóða eru þegar þetta er skrifað (7.10 2008) eru lokaðir. Til þess liggja tvær meginástæður. Sú fyrri er sú, að lítill ef nokkur markaður er fyrir eignir þeirra ef selja þarf þær í snarheitum t.d. vegna kröfu viðskiptamanna um að hlutur þeirra verði greiddur út þegar í stað. Við þær aðstæður fæst ekki „eðlilegt“ verð fyrir eignir sjóðanna og því nauðsynlegt staldra við. Sú síðari gæti



Alþýðusamband Íslands

Rekstrarerfiðleikar og réttarstaða launafólks

Október 2008 (3.útgáfa/22.10 2008)

1. Inngangur

Vaxandi erfiðleikar í íslensku efnahagslífi og ágeng umræða um rekstrarerfiðleika og gjaldþrot fyrirtækja hefur leitt til þess að fjöldi launafólks óttast nú um stöðu sína. Þá liggur fyrir að mörg fyrirtæki hafa að undanfögnu verið að segja upp starfsfólki auk þess sem nokkuð hefur verið um stórar hópuppsagnir. Gera má því ráð fyrir auknu álagi á starfsmenn stéttarfélaganna við ráðgjöf og meðferð mála sem tengjast uppsögnum eða gjaldþrotum fyrirtækja og atvinnumissi. Þessu upplýsingariti er ætlað að veita þeim og öðrum upplýsingar á einum stað um þær reglur sem gilda um uppsagnir einstaklinga og hópa, stöðu launafólks við aðilaskipti að fyrirtækjum og við gjaldþrot. Jafnframt er fjallað um atvinnuleysisbætur, atvinnuleit og endurmenntun. Ekki er um að ræða tæmandi umfjöllun og því mikilvægt að hafa það í huga og leita sér ýtarlegri upplýsinga eftir því sem við á. Frekari upplýsinga er einnig að leita á vinnuréttarvef ASÍ og á upplýsingavef félagsmálaráðuneytisins.

2. Uppsögn ráðningarsamnings

Fram til þess er kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru endurnýjaðir í upphafi ársins 2008, giltu tiltölulega einfaldar reglur um uppsagnir ráðningarsamninga. Meginreglan var og er ennþá sú, að uppsagnarfrestir eru gagnkvæmir og allar uppsagnir skulu gerðar skriflega. Með kjarasamningum í febrúar 2008 var reglum um framkvæmd uppsagna af hálfu atvinnurekanda hins vegar breytt og á starfsmaður nú rétt á viðtali við atvinnurekanda um ástæður uppsagnar, óski hann þess.

Alltaf ber að hafa í huga að mikilvæg réttindi tengd uppsögnum geta glatast ef þess er ekki gætt að kvarta formlega og sannanlega til atvinnurekanda telji starfsmaður að á sér hafi verið brotið.

2.1 Uppsagnarfrestir

Lágmarksuppsagnarfrestir eru tilgreindir í lögum nr. 19/1979. Eftir eins árs starf hjá aðilum innan sömu starfsgreinar er fresturinn 1 mánuður enda hafi uppsagnir hjá fyrri atvinnurekendum borið að með lögmætum hætti þ.e. starfsmaður hefur ekki hlaupist fyrirvaralaust úr starfi eða verið sagt upp án fyrirvara vegna alvarlegra brota í starfi. Eftir 3 ára starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnarfrestur 2 mánuðir en 3 mánuðir eftir 5 ára samfelldu starfi. Í framangreindum tilfellum skal uppsagnarfrestur miðast við mánaðarmót.

Kjarasamningar bæta talsvert við þennan lágmarksrétt og þar sem nánast öll störf hér á landi eru unnin skv. kjarasamningum fer um uppsagnir í nánast öllum tilvikum skv. kjarasamningum á viðkomandi samningssviði. Það er því mikilvægt að starfsmenn kanni rétt sinn til uppsagnarfrests samkvæmt þeim kjarasamningi sem gildir um starf hans. Auðvelt er að nálgast flesta kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ á vef ASÍ sem vísar áfram á vefi landssambandanna.

2.2 Form og framkvæmd uppsagnar

Þó svo að uppsagnarfrestir geti verið mismunandi gilda sömu reglur um form og framkvæmd uppsagna.

- Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur þ.e. sami uppsagnarfrestur á við um uppsögn af hálfu starfsmanns og atvinnurekanda.
- Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns. Samkvæmt dómaframkvæmd telst munnleg uppsögn geta verið lögmæt, takist

brot þ.e. uppsagnarfrestina og formreglurnar. Ætla verður að dómstólar muni meta skaðabætur vegna þessa í hverju tilviki fyrir sig.

Sú meginregla gildir, að þeim sem verður fyrir tjóni ber skylda til þess að takmarka tjón sitt eins og hægt er. Starfsmanni sem sagt er upp án uppsagnarfrests ber því t.d. að leita eftir nýju starfi og getur ekki hafnað tilboði um sambærilegt starf og hann áður gegndi. Í einhverjum tilvikum getur starfsmönnum einnig verið sagt upp og þeim tjáð að þeir þurfi ekki að vinna uppsagnarfrest sinn. Mikilvægt að slík loforð séu formlega staðfest af hálfu atvinnurekanda og það tryggt að uppsagnarfrestur verði greiddur óháð því hvort starfsmaður taki nýju starfi á uppsagnarfrestinum.

3. Hópuppsagnir

Með lögum um hópuppsagnir nr. 63/2000 er lögð sérstök upplýsinga- og samráðsskylda á fyrirtæki sem áforma uppsagnir á fjölda starfsmanna á stuttu tímabili. Megintilgangur laganna er sá að skapa grundvöll að viðræðum milli trúnaðarmanna starfsmanna og atvinnurekanda um leiðir til að forða því að áform atvinnurekanda um hópuppsögn komi til framkvæmda eða a.m.k. að fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða. Þeim ber sömuleiðis að ræða hvernig draga megi úr afleiðingum uppsagna m.a. að auðvelda atvinnuleit manna, starfsþjálfun o.s.frv. Ákvæði laganna gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda sjálfum eða fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart honum.

3.1 Hvað telst vera hópuppsögn

Lög um hópuppsagnir gilda um uppsagnir atvinnurekanda á starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra.

Skilyrði er að fjöldi starfsmanna sem atvinnurekandi segir upp á 30 daga tímabili sé:

- a. a.m.k. 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu. Í kjarasamningnum aðildarsamtaka ASÍ eru mörkin lægri að þessu leyti og miðað við fyrirtæki með 16 til 100 starfsmenn.
- b. a.m.k. 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
- c. a.m.k. 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

3.2 Upplýsingar til trúnaðarmanna

Forsenda þess að viðræður trúnaðarmanna starfsmanna og atvinnurekanda skili árangri er að trúnaðarmenn fái með góðum fyrirvara upplýsingar um fyrirhugaðar uppsagnir og séu vel upplýstir um umfang þeirra og ástæður. Í lögnum er því kveðið á um að atvinnurekandi skuli láta trúnaðarmönnum í té:

- a. allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir og
- b. að minnsta kosti tilgreina skriflega:

kost á að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin af atvinnurekanda.

Viðræður aðila geta leitt til þeirrar niðurstöðu að færri verði fyrir uppsögn, uppsögnum er frestað um einhverjar vikur/mánuði, ráðningarsamningum er breytt með samþykki hlutaðeigandi starfsmanna, s.s. með breytingu á starfshlutfalli, starfsmenn eru færðir til í starfi o.s.frv. Niðurstaðan úr þessum viðræðum getur einnig verið að ekki finnast leiðir til að breyta áformum atvinnurekandans að neinu leyti með þeim áhrifum að uppsagnirnar koma til framkvæmda og innan þess tímaramma sem hann hafði ráðgert. Við þær aðstæður verður engu að síður að ræða hvaða möguleikar eru í stöðunni fyrir viðkomandi starfsmanna hvað varðar atvinnuleit og ný störf. Í öllu falli er nauðsynlegt að fulltrúar starfsmanna og atvinnurekanda komi að þessum viðræðum með það fyrir augum að veita allar nauðsynlegar upplýsingar og ræði sömuleiðis hreinskilningslega þá kosti sem eru í stöðunni, bæði hvað varðar forsendur og tímasetningu uppsagna og þá sömuleiðis hvernig fyrirtækið geti í samstarfi við stéttarfélög starfsmanna unnið að því að aðstoða þá starfsmenn sem segja á upp.

3.4 Undanþágur frá gildissviði

Lögin gilda ekki um:

- Lok tímabundinna/verkefnabundinna ráðningarsamninga.
- Sjómenn á fiskiskipum, flutningaskipum eða öðrum hafskipum falla ekki undir lögin. Starfsmenn útgerðar í landi falla hins vegar undir lögin.
- Starfslok þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar. Um takmarkaða undanþágu er að ræða, þ.e. hún gildir aðeins gagnvart þeirri reglu að uppsagnir starfsmanna taki ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að þær eru tilkynntar vinnumiðlun annars vegar og að atvinnurekandi þurfi ekki að tilkynna Vinnumálastofnun um hópuppsagnirnar, nema hún óski eftir því sjálf.

3.5 Tilkynning til Vinnumálastofnunar

Tilkynna ber um hópuppsagnir til Vinnumálastofnunar. Í tilkynningunni skulu koma fram allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar hópuppsagnir og um samráð atvinnurekanda og trúnaðarmanna, einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum starfsmönnum stendur til að segja upp, hve margir starfsmenn eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi. Atvinnurekandi skal koma afriti af tilkynningu til fulltrúa starfsmanna. Trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna getur komið á framfæri öllum athugasemdum starfsmanna við Vinnumálastofnun. Tilkynningin er send þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar í því umdæmi þar sem fyrirtækið er með starfstöð og uppsagnir koma til framkvæmda.

4. Aðilaskipti að fyrirtækjum

Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002 hafa það að markmiði að vernda réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eða hluta þeirra og tryggja að atvinnurekandi veiti starfsmönnum upplýsingar um ástæður og áhrif aðilaskiptanna á stöðu þeirra.

- **Fyrirtæki eða hluti fyrirtækis**

Hugtakið fyrirtæki er samkvæmt lögnum skilgreint sem „[skipulögð] heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða aðal- eða stoðstarfsemi.“ Það er sömuleiðis skilyrði að hin efnahafslega eining haldi einkennum sínum við aðilaskiptin.

Þetta atriðið verður helst tilefni ágreinings milli stéttarfélaganna og atvinnurekanda enda ráðast skyldur hans gagnvart starfsmönnum af því hvort „heimfæra“ megi tiltekna breytingar á eignarhaldi/umráðum tiltekins atvinnurekstrar eða hluta hans undir þessa skilgreiningu laganna.

Við túlkun hugtaksins má hafa hliðsjón af skýringum í greinargerð með lögnum en þar er m.a. vitnað til dóma sem hafa fallið hjá Evrópudómstólsins um tilskipun Evrópusambandsins um sama efni:

„Í máli C-24/85 (Speijkers) hafi Evrópudómstóllinn talið að meginviðmiðið til að ákvarða hvort um væri að ræða aðilaskipti í skilningi tilskipunarinnar vera hvort fyrirtækið héldi einkennum (e. identity) sínum. [...] Þar á meðal þarf að líta til þess um hvaða tegund fyrirtækis er að ræða. Einnig getur skipt máli hvort áþreifanleg verðmæti séu framseld, svo sem fasteignir eða lausafé, og hvert sé verðmæti óhlutbundinna verðmæta þegar aðilaskipti fara fram. Jafnframt er litið til þess hvort meiri hluti starfsmanna flyst til hins nýja vinnuveitanda og hvort framsalshafi heldur viðskiptavinum framseljanda. Sá tími, ef svo ber undir, sem rekstur fyrirtækis liggur niðri eftir að aðilaskipti hafa átt sér stað þar til hann hefst að nýju getur einnig haft áhrif á mat dómstóla um hvort aðilaskiptin teljist eiga undir tilskipunina, sem og að hve miklu leyti reksturinn er sambærilegur fyrir og eftir aðilaskiptin. Dómstóllinn tók jafnframt fram að líta skyldi heildstætt á framangreind atriði en ekki hvert þeirra eitt og sér. Ljóst er að slík ákvörðun getur verið nokkuð matskennd en þessar leiðbeiningar hafa verið staðfestar í síðari dómum Evrópudómstólsins.“

Í Hæstarétti hafa verið kveðnir upp nokkur dómur í málum sem varðar túlkun laganna um þetta atriði, sbr. hrd. 222/2006 og hrd. 289/2005.

4.3 Hvaða starfsmenn falla undir lögin

Lögin ná til þeirra starfsmanna sem eru í ráðningarsambandi þegar aðilaskiptin eiga sér stað. Hér er nánar tiltekið átt við þá sem eru í starfi þegar aðilaskiptin eiga sér stað, þeir sem eru í ráðningarsambandi en frá vinnu vegna töku fæðingar- eða foreldraorlofs, í launalausum leyfi, í orlofi, frá vegna veikinda eða slyss o.s.frv. Stjórnendur falla undir lögin líkt og aðrir starfsmenn í ráðningarsambandi hjá viðkomandi fyrirtæki. Við yfirtöku/samruna fyrirtækja o.s.frv. eru hins vegar meiri líkur á því að þeim sé sagt upp með vísan til efnahagslegra, tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna.

4.4 Upplýsingar til starfsmanna

Atvinnurekanda er skylt gefa trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra,
- ástæður sem liggja til grundvallar aðilaskiptum,
- lagaleg, efnahagsleg og félagsleg áhrif aðilaskiptanna fyrir starfsmenn, og
- hvort ráðstafanir séu fyrirhugaðar vegna starfsmanna.

Upplýsingar skulu veittar með góðum fyrirvara áður en aðilaskiptin koma til framkvæmda. Samkvæmt lögnum ber þeim aðila sem tekur við rekstrinum í skilningi laganna sömuleiðis að upplýsa eigið starfslið um þær breytingar sem yfirtakan mun hafa í för með sér.

Launakröfur njóta forgangs umfram aðrar kröfur við þessa úthlutun. Staðreyndin er hins vegar oftast sú að þrotabúið er eignalaust og ekkert til skiptanna. Skiptastjóra ber samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa að senda umsögn um allar framkomnar launakröfur til Ábyrgðasjóðs launa.

Umsögn skiptastjóra skal fela í sér afstöðu hans til réttmætis kröfu og forgangsréttar hennar án tillits til eignastöðu búsins. Skiptastjóra er heimilt að biðja með að senda þessa umsögn þar til kröfulýsingafrestur er liðinn og hann hefur haft tækifæri til að taka afstöðu allra framkominna krafna. Honum er hins vegar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa heimilt að senda þessa umsögn fyrr. Þannig segir í lögnum að hafi skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitanda til þess að taka afstöðu til lýstra krafna, en skiptastjóri lýsir því yfir að hann hafi viðurkennt forgangsrétt greiðslukröfunnar að einhverju leyti eða öllu, er Ábyrgðasjóði launa heimilt að fara með greiðslukröfu eins og fullnægt væri skilyrðum laganna.

5.2 Staða starfsmanna við gjaldþrot

Í lögum um gjaldþrotaskipti er að finna þá reglu sem segir að þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur verið kveðinn upp skuli ákveða hvort þrotabúið taki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra manna sem starfa við atvinnureksturinn. Þar segir einnig að starfsmenn eigi rétt til launa frá því úrskurður var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið tekur afstöðu sína. Þetta eru svokallaðar búskröfur sem ganga framur forgangskröfum og eru þannig vel tryggðar, að því gefnu að fyrir hendi séu eignir í búinu. Hins vegar segir í þessari reglu að starfsmaður geti slitið ráðningarsamningi sínum við þessar aðstæður ef gjaldþrotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir starfsmanns krefjast þess. Honum er þá skylt að veita þrotabúinu hæfilegan frest til að leita annars starfsmanns í sinn stað, enda setji þrotabúið tryggingu fyrir greiðslu launa þann tíma sem hann sinnir starfi af þessum sökum ef þess er krafist.

Þessi regla þýðir í raun að starfsmenn eru lausir undan sínum ráðningarsamningi um leið og fyrirtækið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Almennt eru þeir þannig hvorki bundnir af vinnuskyldu samkvæmt ráðningarsamningi né ákvæðum kjarasamninga um uppsagnarfresti o.s.frv.

Fræðilega séð getur sú staða komið upp að skiptastjóri þrotabúsins leggi fram tryggingu fyrir áframhaldandi launagreiðslum til starfsmanna, eða a.m.k. tiltekins hóps þeirra, sem þýðir að þeir yrðu þá að skila vinnuframlagi áfram eftir því sem segir í lögnum. Það er hins vegar mjög varasamt fyrir starfsmenn að halda áfram störfum eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp án þess að slík trygging sé fyrir hendi þar sem kröfur þeirra um laun eftir þetta tímamark njóta ekki ábyrgðar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa!

5.3 Kröfur sem Ábyrgðasjóður launa ábyrgist

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur launamanna vegna:

- vangoldinna launa þriggja síðustu starfsmánaða,
- launa í uppsagnarfresti í allt að þrjá mánuði,
- áunnins orlofs, og
- bóta af völdum vinnuslysa.

Kröfur um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi njóta ábyrgðar að því tilskildu að launmaður sýni fram á með ótvíræðum hætti, svo sem með skráningu hjá vinnumiðlun, að hann hafi verið á vinnumarkaði og ástundað virka atvinnuleit í uppsagnarfresti.

snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofslaunakröfuna. Krafa skal studd fullnægjandi gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum og vottorði viðkomandi atvinnurekanda eða löggilts endurskoðanda hans. Þessi ábyrgð nær til launamanna en ekki stjórnenda eða eigenda fyrirtækja.

Ef Ábyrgðasjóður launa telur að krafa launamanns uppfylli skilyrði laga er skorað á atvinnurekandann að greiða kröfuna eigi síðar en þremur vikum frá dagsetningu áskorunar. Komi fram andmæli af hans hálfu sem sjóðurinn telur réttmæt, s.s. um að krafan hafi þegar verið greidd eða hún niður fallin af öðrum ástæðum, vísar sjóðurinn kröfunni frá. Kröfu launamanns er einnig vísað frá ef fram er komin beiðni um gjaldprotaskipti á búi vinnuveitanda. Standi framangreind atriði ekki í vegi fyrir því að greiða megi kröfu launamannsins leysir Ábyrgðasjóður kröfuna til sín eigi síðar en fimm vikum frá dagsetningu áskorunar til atvinnurekandans. Viðkomandi launamaður fær þá orlofskröfu sína greidda frá Ábyrgðasjóði launa sem innheimtir hana síðan hjá viðkomandi atvinnurekanda með dráttarvöxtum ef svo ber undir.

6. Atvinnuleysisbætur

Fjallað er um rétt launafólks til atvinnuleysisbóta í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Lögin gilda um atvinnuleysistryggingar launamanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði þegar þeir verða atvinnulausir. Markmið laganna er að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Hér verður einungis fjallað um réttarstöðu launamanna samkvæmt lögum.

Atvinnuleysisbætur skipast í tvo flokka; tekjutengdar atvinnuleysisbætur og grunnatvinnuleysisbætur.

6.1 Útreikningur á rétti til atvinnuleysisbóta

Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar byggist bótaréttur launamanna á upplýsingum um starfstíma og starfshlutfall á 12 mánaða tímabili áður en sótt er um atvinnuleysisbætur. Á grundvelli upplýsinga um þessi atriði er tryggingahlutfall (%) launmannsins reiknað út en það getur verið á bilinu 25 til 100%. Fullt starf í 12 mánuði tryggir launamanni 100% tryggingahlutfall en skemmri starfstími og/eða lægra starfshlutfall leiðir til lægra tryggingahlutfalls.

Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar getur ávinnsla bótaréttar einnig komið til með öðrum hætti en með launavinnu, þ.e. vegna náms, fæðingarorlofs eða verkfalls/verkbanns.

Í lögum eru ýmsar sérreglur s.s. um rétt manna til hlutabóta, geymslu áunnins bótaréttar o.fl.

6.2 Atvinnuleysi í skilningi laganna

Umsækjandi um atvinnuleysisbætur verður eðli máls samkvæmt að vera atvinnulaus til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.

- **Uppsagnarfrestur**

Samkvæmt lögum verður réttur launamanns til atvinnuleysisbóta ekki virkur fyrr en að liðnum uppsagnarfresti. Atvinnuleysistryggingasjóður er þannig ekki bundinn af samkomulagi atvinnurekanda og launamanns um fyrirvaralaus slit á skyldum aðila samkvæmt ráðningarsamningi hvað varðar launarétt

- Grunnatvinnuleysisbætur miðað við 100% bótarétt eru 136.023 kr. á mánuði eða 6.277 kr. á dag.
- Greiðsla með hverju barni yngri en 18 ára er 251 kr. á dag.

6.5 Umsókn og greiðsla atvinnuleysisbóta

Sótt er um atvinnuleysisbætur hjá þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar í því umdæmi þar sem launmaður er búsettur. Helstu fylgigögn með umsókn eru:

- Vottorð vinnuveitanda. Vottorðið geymi upplýsingar um starfstíma, starfshlutfall og ástæðu starfsloka.
- Skattkort.
- Önnur gögn, ef við á s.s. vottorð læknis vegna skertrar vinnufærni, námsvottorð, upplýsingar um tekjur í hlutastarfi, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur o.fl.

Atvinnuleysisbætur eru greiddar fyrsta virka dag hvers mánaðar. Tímabilið sem greitt er fyrir er frá 20. – 19. hvers mánaðar. Dæmi: Við útborgun 1. ágúst 2008 er verið að greiða fyrir tímabilið 19. júní - 20. júlí. Greiðslur atvinnuleysistrygginga fyrir landið allt fara fram hjá Greiðslustofu Vinnumálastofnunar. Til að fá upplýsingar um stöðu umsóknar eða greiðslur er hægt að hringja í 582 4900 eða senda fyrirspurn með tölvupósti: greidslustofa@vmst.is

Kæra má ákvörðun um bótarétt launamanna, upphæð bóta o.s.frv. til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Kæran þarf að berast innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

6.6 Atvinnuleysi og stéttarfélagsaðild

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkraþjálfunar og menntunar félagsmanna. Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað og þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum. Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum geta því tapast mikilvæg réttindi.

7. Atvinnuleit, endurmenntun o.fl.

Fjallað er um rétt launafólks til aðstoðar við atvinnuleit, ráðgjöf og önnur úrræði í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Löggin kveða á um skipulag vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða af hálfu stjórnvalda og fer Vinnumálastofnun og þjónustuskrifstofur hennar vítt og breytt um landið með framkvæmd þessara mála.

reknar eru vítt og breytt um landið. Hjá þessum aðilum eru einnig starfandi náms- og starfsráðgjafar. Starfsmenn stéttarfélaganna veita nánari upplýsingar um þá þjónustu og ráðgjöf sem í boði er á þessu sviði.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

<http://eng.felagsmalaraduneyti.is/> s:545 8100

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/upplysingar>

Tvær vefslóðir, almennar upplýsingar um réttindi og skyldur útlendinga (immigrants) og hinn er sérstakur vefur vegna aðstæðna á fjármálamarkaði. Krækjur á þessa vefi eru t.d. af www.mcc.is og www.ahus.is

Ræðisskrifstofa Póllands

Ræðismaður: Michal Sikorski,

Skúlatúni 2, 105 Reykjavík

<http://www.reykjavik.polemb.net/>

Sérstakur vefur ætlaður pólverjum.

Útvarp/Textavarp

Ríkisútvarpið

Upplýsingar á textavarpri á pólsku – síða 138

<http://www.textavarp.is/138/06.html>

Upplýsingar á textavarpri á serbresknu/króatísku – síða 139

<http://www.textavarp.is/139/02.html>

Fræðslu- og upplýsingaútvarp fyrir útlendinga

FM 97,2 – útvarp Hafnarfjörður

Útvarpað er á 10 tungumálum

<http://bhsp.hafnarfjordur.is/Utvarp/>

Á virkum dögum (nema þriðjudögum) kl. 18:00 til 19:00

Á sunnudögum kl. 11:00 til 14:00.

Tungumál

Mánudagar: pólska, þýska, albaníska

Miðvikudagar: rússneska, franska, ítalska

Fimmtudagar: tælenska, arabíska, katalónska

Föstudagar: enska, litháenska, spænska

Sunnudagar: endurútvarp

* stuðla skal að því að á vinnustaðnum sé stutt við og starfað með samþökum sem vinna að umbótum á sviði heilbrigðis-, félags-, menningar- og velferðarmála.

Með kveðju,
Vinnueftirlitið og
Rannsóknastofa í vinnuvernd

Til baka

www.asi.is - Fréttafni - Upplýsingarit ASÍ - Efnahagsbrenningar
Alþýðusamband Íslands * Sættúni 1, Reykjavík * Sími: 53 55 600 * Fax 53 55 601 * www.asi.is

